

Sp. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um sérstakt gjald á veiðileyfi útlendinga, sem veiða í íslenskum ám.

Flm.: Árni Gunnarsson, Bragi Sigurjónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Einarsson, Finnur Torfi Stefánsson, Eiður Guðnason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um að leggja sérstakt gjald á leyfi, sem seld eru útlendingum til veiða í íslenskum laxveiðiám. Gjald þetta renni í ríkissjóð og skal fjármunum, sem þannig aflast, varið til tilrauna með fiskirækt í sjó og vötnum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það færst mjög í vöxt, að erlendir menn komi til Íslands til laxveiða. Þeir hafa tekið á leigu heilar veiðiár og hluta þeirra, ýmist allt veiðitímabilið eða besta veiðitímann. Íslenskir veiðimenn hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða jafnhátt verð fyrir árnar og útlendingarnir. Þetta hefur haft í för með sér mjög verulega hækkun á veiðileyfum, og nánast má tala um sölu á hlunnindum úr landi og brot á landslögum, sbr. leiguna á Laxá í Dölum og Hofsa í Vopnafirði, þar sem t. d. Íslendingar fá ekki að veiða í þeirri fyrrnefndu.

Nú er fyrirsjáanleg enn meiri ásókn útlendinga í íslenskar laxveiðiár, og eru dæmi þess að í ár hafi verið boðið margfalt hærra verð en íslensk veiðifélög hafa getað boðið. Á þennan hátt er beinlínis verið að bola íslenskum veiðimönnum frá íslenskum laxveiðiám. Við þessari þróun verður að stemma stigu og jafnvel væri athugandi að gera allsherjar úttekt á leigu íslenskra laxveiðiáa og gjaldeyrisstillum í tengslum við leigu til útlendinga.

Í mörgum löndum, t. d. Kanada og Bandaríkjunum, er svo um hnúta búið, að heimamenn í ríkjum, þar sem veiðiár eru, greiða ekki nema hluta þess gjalds, sem aðkomumönnum er gert að greiða. Þessa leið mætti kanna hér á landi gagnvart Íslendingum og útlendingum.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að útlendingum, sem sækjast eftir því að veiða í íslenskum laxveiðiám, verði gert að greiða sérstakt gjald, sem nýtist þjóðinni til undirbúnings átaks í fiskirækt, sem er álitleg tekjuöflunarleið fyrir þjóðina og hefur reynst mjög arðsöm, t. d. í Noregi. Hér gæti verið á ferðinni ný búgrein fyrir bændur í fjölmörgum vötnum þeirra, og einnig er mjög tímabært að rannsaka vandlega og undirbúa á vísindalegan hátt tilraunir með fiskeldi í sjó.